



# ALFREÐ FLÓKI

VERK ÚR EIGU LISTASFNS REYKJAVÍKUR  
ÁGÚST - OKTÓBER

FYRSTA MYNDSÝNING Alfreðs Flóka, árið 1959, varð mikill listsigur. Meðal þeirra sem komu á sýninguna var Jóhannes Kjarval. Hann fór þangað til að skoða myndirnar eftir stálkjaftinn, sem hann kallaði svo. Kjarval var lengi á sýningunni, hafði þar í frammí ýmis tilprif í uppfærslum, stansaði við margar myndanna og sagði: þetta er gilligogg, þetta er alveg gilligogg.

Flóki hafði þá verið eitt ár við nám á Akademínu í Kaupmannahöfn; stundaði það allvel, þótt hið ljúfa líf væri einnig stundað af nokkurri flrótt. En þessi fyrsta sýning hans á Íslandi hreif og reif, fólk þyrptist til að sjá hann og myndir hans, nær öll verkin seldust - hann tætti af sér hneykslunarefnin fyrir smáborgarann í blaðaviðtolum og á kaffihúsum. Var hinn fullkomni bóhem, svo alltöðruvisti en nokkur hafði þá leyft sér að vera. Og hann naut alls þessa sjálfur og honum virtist líka vera það eðlilegt. Gagnrýnin var sisvona og svona - sumir nöldruðu - margir hrifust, en fyrst og fremst var það uppsíersla meistarans sjáfs, hversu hann af háttignarlegu litillæti veitti hinu listraena umhverfi Reykjavíkur þeirra tíma ofurlitla hluttöku í nýjum andlegum og listraenum straumum samtíma og fortíðar.

En þótt jafnan væri beðið milli vonar og ótta, þegar Flóki kallaði til sín blaðamenn, voru almannatengsl í raun alls ekki hans sterka hlið. Hann kunni í verunni aldrei að markaðssetja sig, hafði foragt á öllu þessu skrumi og plattenslagerfi í listum, sem getur meira að segja fleytt miðlungsþönnum á hátind frægðarinnar; vissi líka að það er oftast skammgóður vermir. Hann var líka svo feiminn að það háði honum bökstaflega. Engu að síður gat hann gert meira fjölmíðlahalloj en flestir aðrir ef hann tók sig til - og það gerði hann nú oft. Því að honum var líka lífsnauðsyn að selja myndirnar sínar. Og hann seldi alltaf vel og að minnsta kosti öll árin sem hann hélt reglulegar sýningar í Bogasalnum, hafði hann svo miklar tekjur af inngangseyri að einsdæmi mun vera. Fólk streymdi þúsundum saman á sýningar hans þar, sem urðu alls níu og var ekki alveg öfundlaust af sumum kollegum hans. Honum þótti alltaf dálitið miður að Bogasalurinn skyldi vera tekinn undir annað. En hann var afar ópraktískur maður, eins og hann sagði oft sjálfur, þótt hann, - stundum af klókindum - gerði meira úr því en efni stóðu til. „Það var ekki ég sem fann upp ljósaperuna“ sagði hann oft, þegar hann stóð ráðalaus yfir einhverju hversdagslegu úrlausnarefni.

Hann var sifellt að fá bréf og boð og fyrirspurnir utan úr heimi, en svaraði næstum aldrei. Sinnti þessu ekki. Og hann hvarf út um bakdýr, ef mikið stóð til: þegar BBC vildi gera um hann sjónvarpsþátt og allt gengið var mætt, stakk hann

bara af. Og Museum of Modern Art í New York . . . þeir keyptu af honum mynd, vildu viðhalda sambandi og hefðu getað opnað honum ýmsar fleiri dyr . . . hann gerði ekkert með það, létt þá róa. Í Danmörku kynntist hann meðal annars Steen Colding. Hann var mjög áhrifamikill í danskri myndlistarstarfsemi og reyndar í Evrópu, stórsafnari og sérfræðingur um surrealisma, náinn vinur Wilhelms Freddie, skrifði reglulega í mörg helstu listfimrar í álfunni og viðar, *Phases, Direzioni, L'esperienza moderna, Kroniek van hedendagsche, L'age du cinema, The Studio* og mörg önnur. Hann keypti myndir af Flóka og vildi allt fyrir hann gera. Hefði getað opnað honum allar dyr. En Flóki notfærði sér þetta ekki frekar en annað. Hann létt vinninginn liggja. Hann dró þung plussgluggatjöldin fyrir, kveikti á reykelsi og fékk sér tvöfaldan konjak. Og hélt áfram að teikna.

List Alfreðs Flóka spratt úr kynjaheimi bernskunnar, öguð við nám og protlausa iðkan. Fyrstu rásvaldar hans voru amman á Óðinsgötunni innan um köngulaer og ketti og páfagauka og las honum á síðkveldum úr Leynadóum Parísarborgar, Njálu og söguna um Djáknann á Myrká og margt annað og Tóta, Guðrún Nielsen, mamma hans, sem las honum líka og söng honum márgi kvæðið og skar í tré ævintýrafliggurur og hafði algeran skilning á lífshlutverki sonarins. Löngu innan við tvítugt heillaðist hann af symbólistum nítjándu aldar og varð sá rómantikeríslenskri myndlist, sem ekki á hliðstæðu. Hann gaf tilfinningum sínum lausan taum í myndum sínum, gerðist elskhugi linunnar. Teikningin varð lífsverk hans, en hann gerði einnig mikið af svartkrítar- og kolamyndum. Bókmennir urðu honum innblástur og hugmyndavaki. Skáld og bókmenntafólk urðu vinir hans og félagar og hann létt sér mjög annt um nýborna skapendur í listum og hliði að þeim. Á tímabili sótti hann inn fyrir jáðar surrealismans, sem varð honum nokkur lífsmynd og hann var stundum innan hættumarka, þegar hann sótti í kukl og fikt við galdur. Þá varð vegur hans stundum varðaður geig og hulinn svörtu myrkri. Alfreð Flóki leitaði á krána og þar hitti hann þýðingarmikið fólk fyrir listheim sinn. Þá kvíknaði stríðsfuglinn í brjósti hans og fór mikinn við vængjáð hugarflug. Heitt reiðuleysi búllulífsins og vímublikin urðu þyngri með árunum. En lengstum hafði hann þó vald á því mjóða einstigi milli alvöru og trúðleiks sem einkenndi framgöngu hans og náði að kveikja umhverfi sínu undraljós.

Vinátta Alfreðs Flóka hefur gefið mér meira en flest annað. Það ferli sem ég fór um meðan ég vann að bók um hann, hefur opnað mér ótal undráviddir inn í eilifðina.

Nina Björk Árnadóttir.

ALFRED FLÓKI




ÁN TITILS

1987

blek á pappi, 39,2 x 31 cm

LR-1029

ALFRED FLÓKI




ÁN TITILS

1987

kólkrit á pappír, 78,9 x 62,4 cm

LR-1038

ALFRED FLÓKI



ÁN TITILS

1987

kolkrit á pappir, 87,7 x 62,2 cm

LR-1035

ALFRED FLÓKI



LITLI PRINSINN

1981

blek á pappi, 39 x 26 cm

LR-304



KJARVALSSTADIR

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
THE REYKJAVÍK MUNICIPAL ART MUSEUM

Menningarmálaneftnd Reykjavíkur: Hulda Valtýsdóttir, formaður, Ingibjörg Rafnar, Jóna Gróða Sigurðardóttir, Július Halstein, Guðrún Erla Geirsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Gunnsteinn Gíslason. Forstöðumaður Listasafna Reykjavíkur: Gunnar B. Kvaran. Myndaval og hönnun sýningar: Gunnar B. Kvaran, Þorbjörn Br. Gunnarsdóttir. Ljósmyndun: Skyggna/Myndverk. Hönnun sýningarskrár: Birgir Andréasson. Uppsetning: Bragi Halldórsson. Prentvinnsla: G. Ben, prentstofa hf.